

Tillaga að lagabreytingu send til 42. ársþings BLÍ haldið 14. júní nk. í Reykjavík.  
Flutningsaðili: Stjórn BLÍ

Breytingar við 5. grein laganna

### **Breytingar eru feitletraðar**

Blakþingið fer með æðsta vald í málefnum BLÍ. Þingið sitja fulltrúar frá aðilum BLÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra blakiðkenda og fjölda liða sem spila í deildarkeppnum BLÍ, **þannig að fyrir allt að 50 iðkendur kemur 1 fulltrúi og síðan 1 fulltrúi fyrir hverja 50 eða brot úr 50 iðkendum fram yfir það**. Fyrir hvert lið í **Úrvals**deild bætist síðan við 1 fulltrúi. Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags sem hefur blak innan sinna vébanda á rétt á 1 fulltrúa óháð iðkenda fjölda.

Val fulltrúa á blakþing skal miðast mið fjölda iðkenda, félaga eða keppenda innan hvers héraðssamband/íþróttabandalags um síðastliðin áramót og skal þá tilgreina hver þessara kosta skuldi gilda.

Að auki bætist við greinina

**Heimilt er að blakþing sé pappírslaut þing ef hægt er að koma því við.**

Þingið skal haldið árlega. Stjórn BLÍ skal boða það með sannanlegum hætti með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Málefni, sem sambandsaðilar óska, að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn BLÍ minnst 21 degi fyrir þingið. Þá skal stjórn BLÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum, sem borist hafa, í síðasta lagi 14 dögum fyrir þing. Blakþingið er lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.

*Stjórn BLÍ*